

**Viðauki við grunnlýsingu Íveru ehf., dagsetta 10. febrúar 2026, vegna 25.000.000.000 kr.
útgáfuramma**

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsing dagsett 10. febrúar 2026 útgefin af Íveru ehf. (hér eftir nefnd „grunnlýsingin“ og „Ívera“ eða „útgefandi“) skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

1. Sérstök skilyrði um samsetningu veðandlags

Í undirgrein b) *Fjárhagsleg og sérstök skilyrði* í grein 23(a) *Almenna tryggingafyrirkomulagið* á bls. 48 í grunnlýsingunni sbr. kafla 3 *Skilmálar skuldaskjalanna*, er eftirfarandi setning:

„Samsetning eigna: Samsetning eigna sem eru hluti af veðandlaginu skal vera þannig að virði eigna sem eru staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins² skal að hámarki vera 60% af virði veðandlagsins.“

Samsetning eigna sem eru hluti af veðandlaginu skal vera þannig að lágmark 60% af virði veðandlagsins skal vera á höfuðborgarsvæðinu. Eignir sem eru staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins skulu því að hámarki vera 40% af virði veðandlagsins. Fyrirgreind setning er því leiðrétt og skal eftirleiðis hljóða svo:

„Samsetning eigna: Samsetning eigna sem eru hluti af veðandlaginu skal vera þannig að virði eigna sem eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu² skal að lágmarki vera 60% af virði veðandlagsins.“

Neðanmálsgrein setningarinnar skal vera óbreytt.

2. Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðauka við grunnlýsingu fyrir hönd útgefanda

Forstjóri Íveru ehf., kennitala 440315-1190, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi, lýsir því yfir fyrir hönd Íveru, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 25. júní 2026
Fyrir hönd Íveru ehf.

Egill Lúðvíksson, e.u.